

## Í skipulagsáætlunum ...

- eru teknar ákvarðanir um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar
- er mótuð stefna um ásýnd og yfirbragð byggðar og opinna svæða
- eru ákveðnar allar meginforsendur fyrir leyfisveitingum til mannvirkjagerðar
- eru teknar ákvarðanir um uppbyggingu og nýtingu lands að undangengnu samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila, svo sem aðila tengda ferðaþjónustu.

## Landsskipulagsstefna ...

- er almenn skipulagsstefna á landsvísu sem sveitarfélög útfæra nánar í skipulagsáætlunum sínum
- er stefna um þætti sem móta m.a. ásýnd Íslands sem ferðamannalands, svo sem yfirbragð byggðar, landnýtingu í dreifbýli, skipulagsmál á miðhálandinu og skipulag strandsvæða.

## Svæðisskipulag ...

- er sameiginleg stefna tveggja eða fleiri sveitarstjórna um tiltekna þætti um þróun viðkomandi svæðis, sem talin er þörf á að móta um sameiginlega sýn
- gefur kost á að vinna með svæðisbundnar áherslur og ímynd einstakra landshluta með tilliti til ferðaþjónustu, svo sem um hringleiðir og einkenni áfangastaða ferðafólks.

## Aðalskipulag ...

- er stefna og áætlun sveitarstjórnar um ráðstöfun lands til uppbyggingar og verndar í öllu sveitarfélaginu til að minnsta kosti 12 ára
- er vettvangur til að greina og þróa staðaranda og ímynd einstakra staða og sveitarfélagsins í heild, sem nýta má sem grundvöll að ákvörðunum um uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðafólks í sveitarfélaginu.

## Deiliskipulag ...

- hefur að geyma ákvarðanir um nánari útfærslu byggðar, svo sem um húsagerðir, starfsemi, landmótun og frágang opinna svæða. Það felur í sér skilmála fyrir útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa
- er hægt að nýta til að tryggja viðeigandi og samræmda hönnun mannvirkja og umhverfisfrágangs, til dæmis fyrir áfangastaði ferðafólks.

## Umhverfisáhrif

- Til að tryggja að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa er lagt mat á þau við gerð skipulagsáætlana.
- Tilteknar framkvæmdir eru jafnframt ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, til dæmis stærri vegafamkvæmdir og efnistaka. Einnig er skylt að tilkynna tilteknar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort þær skuli háðar umhverfismati. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn eru dæmi um slíkar framkvæmdir.
- Þegar umhverfisáhrif skipulagstillagna og framkvæmda eru metin er meðal annars horft til áhrifa á náttúruferfar almennt, en einnig áhrifa á landslag, yfirbragð byggðar, búsetu og atvinnulíf. Þannig er fjallað um ýmsa lykilþætti tengda ferðaþjónustu í umhverfismati.